

hefndir á sínum elskulegasta syni. Að eins réttlæting af trú, en þó full réttlæting og frelsun fyrir verk Jesú af Nazareth, „endurlausnarverk“, eins og það var kallað. Og svo er með gamla Lúterdóminn, sem er í mótsögn við þann nýja, að biðja guð í Jesú nafni eða ofsækja alla þekkingu í guðs nafni, eins og bent hefir verið á. Nei, það yrði ekki nema einn, sem sagt gæti, hvað Lútherska væri nú, og hann myndi ekki vilja segja það. Öll játningaritin gömlu gjöra trúna, sem menn prédika og trúna sem menn trúa, ekki eina ögn greinilegri eða ákveðnari, heldur en þótt þau engin væri, því að eftir þeim lagar enginn trú sína lengur,— enginn!

En svo eru sumir, sem fallið hafa í þá heimsku— og það nokkrir þeirra, sem teljast vor megin í skoðunum, að taka undir með þessum fávísu spotturum og álíta og segja jafnvel, að Unitaratrúin sé engin sérstök skoðun— vegna þess að þeir hafi enga trúarjáningu. Þeim stendur það svo í huga, og— eins og eg held eg hafi oft áður sagt— eru það á eftir andlega, í þeim skilningi orþodoxir enn, að þeim finnst að fornir setningar og hugsjónamyndir, ef eg mætti viðhafa það orð, sé alveg bráðnaúðsynlegar öllum trúarskoðunum. En það er materialismus. Það er trúin, sem breytir guði í mann og aðskilur hann þessum heimi. Það er barnssálin óþroskaða, sem þarf áþreifanlega hluti og ekki meiri en svo, að augað geti náð út fyrir þá, til þess skilningurinn geti gripið þá og myndað sér skoðun.

Unitarismus er ákveðin skoðun,— ekki eingöngu neitun á annara manna trú, heldur lífsskoðun mannkynsins beztu og göfugustu dætra og sona, er gjörir sér grein fyrir heiminum og tilgangi hans, þessu lífi og þessu misjafna, sem hér mætir, fyrir guði og tilverunni, öllu því, sem ljós skynseminnar og ímyndunarafsisins og tilfinningauna getur uppljómað. Eg segi, heimsins beztu og göfugustu sona og dætra, en kæru vinir, látið það ekki hneyksla nokkurt yðar. Eg á ekki við oss, sem hér sitjum, vér erum engin vor þau beztu eða göfugustu. Lofið mér að eins að tilnefna örfáa, er eg kalla hina beztu og göfugustu mannanna barna. Nefni eg þá fyrst Jesúm frá Nazareth, einn þann einlægasta, háleitasta og göfugasta mann, er heimurinn hefir átt,